



Fundur í hafnarnefnd

12. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarstjóra, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn þriðjudaginn 31. janúar 2017 og hófst kl 12:00.

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Jóhann Halldórsson, Jónas Jóhannsson, Agnar Jónsson, Áki Guðmundsson (*í síma*) og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki

Dagskrá:

1. Áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum

Fram eru lögð bréf frá Umhverfisstofnun og frumdrög að áætlun vegna móttöku og meðhöndlunar úrgangs og farmleifa.

Bókun: Hafnarnefnd felur hafnarstjóra að vinna sameiginlega áætlun fyrir báðar hafnir Langaneshafna

2. Staða verkefna

Farið var yfir verkefni sem unnin hafa verið og eru í gangi.

- Gengið hefur verið frá því að útrennsli úr Hafnarlæk virki
- Verið er að skipta um ljós í möstrum eftir því sem þörf er á, skipt er yfir í LED
- Hafnarvörður hefur fylgst með ástandi krana á Bakkafirði og telur það ásættanlegt
- Unnið er að kostnaðaráætlun vegna dekkja á hafskipabryggju
- Unnið er að því að lagfæra rafmagn á flotbryggju

3. Verkefni framundan

Farið yfir verkefni framundan

- Yfirfara þarf krana fyrir sumarið, ath dælu í nýrri krana á Bakkafirði
- Fara þarf yfir dekk í báðum höfnum og hífa upp fallin dekk
- Setja upp rafmagnsstaur á bátaplani á Þórshöfn
- Tengja vatn út á flotbryggju á Þórshöfn
- Færa olíubryggju lengra frá grjóttgarði
- Afla tilboða í nýja löndunarkrana
- Hafnarstjóra falið að afla (endurnýja) tilboða í myndavélar á hafnarsvæðin

4. Fundaplan 2017

Lagt er til að nefndin fundi reglulega á tveggja mánaða fresti, boðað verði til aukafunda eins og þurfa þykir.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 13:00